




## Öldugata 30A – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Lögð fram fyrirspurn Heiðu Bjargar Bjarnadóttur, dags. 4. júní 2026, um að byggja bílskúr og koma fyrir bílastæði á lóð nr. 30A við Öldugötu í samræmi við bílskúr og bílastæði á aðliggjandi lóð nr. 30, en húsin tvö á lóðunum eru samhverf parhús.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Öldugata 30 A og 30 – hlið að götu

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 1 - Vesturbæ og er hluti af íbúðarsvæði, ÍB1.

Skv. AR2040 gilda ákvæði hverfisverndar innan Hringbrautar fyrir þetta svæði.

Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina.

### Umsögn

Lóðin er innan marka hverfisverndar innan Hringbrautar sbr. AR2040 og svæðið því í gulum flokki friðunar sem nær til húsasamstæðna og heilda. Samkvæmt skilgreiningu á hverfisvernd skal þróun, endurbætur og endurnýjun byggðar miða við að byggingarsögulegt samhengi haldist og heildarsvipmóti hverfisins verði ekki raskað.

Húsin á lóðum nr. 30 og 30A eru samhverf parhús, byggð árið 1926. Húsin njóta friðunar skv. appelsínugulum verndarflokki og skal leita álits Minjastofnunar Íslands vegna breytinga á þeim. Árið 1944 er byggður bílskúr á lóð nr. 30.

Almennt fellur heimild til að rjúfa garðvegg til að koma fyrir innkeyrslu og bílastæði á lóð, ásamt því að byggja nýjan bílskúr, ekki að verndarákvæðum hverfisverndar innan Hringbrautar og því er rétt að leita álits Minjastofnunar Íslands áður en lengra er haldið.

Í ljósi þess hins vegar að húsin á lóðunum tveimur eru samhverf parhús þar sem þegar er búið að heimila bílskúr á annarri lóðinni mega það teljast ákveðin rök fyrir því að heimila samskonar bílskúr á lóð nr. 30A til að viðhalda samhverfri mynd húsanna. Það eru því ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við að byggður verði bílskúr á lóð nr. 30A sem verði svipaður að stærð, staðsetningu og útliti og bílskúr á lóð nr. 30 og að gat verði gert í garðvegg á lóð nr. 30A á sama hátt og útliti og gat í garðvegg við innkeyrslu inn á lóð nr. 30.



Við breytingar hverfur eitt bílastæði úr borgarlandi en skrifstofa samgangna og borgarhönnunar gerir ekki athugasemd við það.

### **Niðurstaða**

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við byggingu bílskúrs á lóð nr. 30A af svipaðri gerð, stærð og staðsetningu og bílskúr á lóð nr. 30 og að gat verði gert í garðvegg sem útfært verði á sama hátt og gat í garðvegg við innkeyrslu á lóð nr. 30. ásamt því að við það hverfi eitt bílastæði úr borgarlandi.

Vegna verndarákvæða er skylt að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands. Grenndarkynna þarf byggingarleyfisumsókn berist hún.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

### **F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Sigríður Maack  
arkitekt / verkefnastjóri